

Ár 2007, fimmtudaginn 16. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi af Ástríði Grímsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp í málinu nr. S-259/2007:

Ákærvaldið

(*Gunnar Örn Jónsson ftr.*)

gegn

X

(*Unnar Steinn Bjarndal Björnsson hdl.*)

svohljóðandi

## ÚRSKURÐUR:

Mál þetta, sem þingfest var 14. júní sl. og tekið til úrskurðar 9. ágúst sl. er höfðað með ákæru sýslumannsins á Selfossi útgefinni 23. maí 2007 á hendur X, kt. 000000-0000, A stræti.

„fyrir eignaspjöll og brot á vegalögum

a. með því að hafa í lok október 2005 fengið Kristján O. Kristjánsson kt. 000000-0000 verktaka og gröfustjóra til að grafa í sundur með skurði „Rimamóaveg“ á landspildu milli Þórisstaða og Reykjanes í Grímsnes- og Grafningshreppi og reka niður 3 járnör ofan í skurðinn, með þeim afleiðingum að engin leið var að komast eftir veginum og samningsbundinn umferðarréttur eiganda landspildu er stóð innar við veginn skertist.

b. með því að hafa 8. nóvember 2005 fengið sama verktaka og gröfumann til að grafa tvo skurði, 40 cm djúpa og 140 cm breiða og setja uppgröft úr skurðunum á veg þann er frá greinir í ákærulið a., við skurðbarmanna, með sömu afleiðingum og frá greinir í ákærulið a. Telst brot ákærða varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19.1940, sbr. lög nr. 30. 1998 og lög nr. 82, 1998 og 1. mgr. 57. gr. sbr. 1. mgr. 59. gr. vegalaga nr. 45, 1994. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Ákærði krafðist þess þess við þingfestingu málsins að málinu yrði vísað frá dómi og fór munnlegur málflutningur fram þann 9. ágúst s.l. um þá kröfu.

### Málavextir:

Þann 27. október 2005 hafði Marteinn Másson, kt. 000000-0000, Lautasmára 6, Kópavogi, samband við lögregluna á Selfossi og greindi frá því að búið væri að grafa skurð þvert yfir veg sem væri á landspildu á milli Þórisstaða og Reykjaness en vegur þessi væri á sumarbústaðalandi sem væri merkt Rimamóar. Þá kvað Marteinn að búið væri að reka niður þrjú járnör yfir veginn ofan í skurðinum. Kvaðst Marteinn gruna að Einar Nielsen, sem þarna ætti bústað, hefði gert þetta. Þá hafði Marteinn aftur samband við lögregluna á Selfossi þann 10. nóvember 2005 og greindi frá því að búið væri að grafa tvo skurði yfir veg sem lægi um sumarhúsabyggð í Rimamóum og lands hans og fleiri, Ásgarðs á Þórisstöðum í Grímsnesi. Tjáði Marteinn lögreglunni að þess væri getið í 5. gr. kaupsamningsaðila um spildu þá er hann ætti, að hann ætti rétt til umferðar eftir vegi þeim sem lægi frá þjóðvegi að landspildunni, í gegnum hana að austanverður og inn á land Reykjaness. Þá lýsti Marteinn því yfir hjá lögreglu að hann gruni félag sumarbústaðaeigenda í Rimamóum að standa að lokun vegarins og þar með aðgengi hans að landi sínu.

Með kaupsamningi dagsettu 24. apríl 1999 festu Marteinn Másson, Magnús Ólason og Már Elísson kaup á spildu úr landi jarðarinnar Þórisstaða í Grímsnes- og Grafningshreppi, Árnassýslu sem samkvæmt mælingur var um 15,47 hektarar að stærð. Seljandi spildunnar var Svanhildur Eriksdóttir, kt. 000000-0000, Þórisstöðum, Grímsnes- og Grafningshreppi. Eru mörk spildunnar sögð afmörkuðu á loftljósmynd og lína hennar skýrð á milli punkta merktum frá A til og með F. Í 5. grein kaupsamningisins segir að kaupendur eigi rétt til umferðar eftir vegi þeim sem liggja frá þjóðvegi (Biskupstungnabraut nr. 35) að landspildunni, í gegnum hana að austanverðu og inn á land Reykjaness. Undir kaupsamninginn rita seljandi og kaupendur ásamt Jóni H. Bjarnasyni sem á þeim tímapunkti var þinglýstur eigandi spildunnar. Jón H. Bjarnason undirritaði síðan afsal til Svanhildar Eriksdóttur þann 7. júlí 1999. Í því afsali er hið afsalaða sagt vera landspilda úr jörðinni Þórisstöðum II, Grímsneshreppi ásamt öllu því sem eigninni fylgi og fylgja ber. Nánar tiltekið sé um að ræða spildu úr Tjarnholti á milli Biskupstungnabrautar og skurðar og heimreiðar að Þórisstöðum og að skipulögðu sumarhúsasvæði og spilda norðan Biskupstungnabrautar sem markist af Biskupstungnabraut að sunnan og mörkum Minna-Mosfells að austan, Mosfellsgils að norðan og skurði á móts við heimreið að Þórisstöðum samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti dagsettu 29. júlí 1998. Segir svo að spildu þessari hafi verið haldið eftir við sölu jarðarinnar Þórisstaða samkvæmt kaupsamningi dagsettu 29. júlí 1998. Engu er getið um umferðarrétt í afsali þessu. Jón Haukur Bjarnason, eignaðist jörðina Þórisstaði með húsum, girðingum og öðrum mannvirkjum með afsali þann 31. ágúst 1975. Er í því afsali tekið fram að undanskilið sé í kaupunum, íbúðarhús það sem seljandi búi í og tveir hektarar lands í kringum það og mest sunnan við það. Ennfremur sé undanskildin fimmtán hektara landspilda úr landi jarðarinnar sem liggja að landi Reykjaness og hafi henni verið afsalaði til Íþróttabandalags Reykjavíkur og er vísað til þess afsals með nánari skilgreiningar á legu hennar. Í afsali þessu er engu getið um neins konar umferðarrétt.

Kaupendur fengu síðan afsal fyrir spildunni þann 4. september 1999. Í afsalinu eru mörk spildunnar tilgreind nákvæmlega eins og í kaupsamningi en engu getið um umferðarrétt. Var afsalinu þinglýst þann 14. september 1999. Þá liggur í gögnum málsins afrit af afsali dagsettu 9. maí 1989 þar sem Meistarafélag byggingarmanna á Suðurnesjum seldi Sigurði Ingvasyni, Halldóru Jónu Sigurðardóttur og Guðlaugu Helgu Sigurðardóttur, sumarbústað í landi Þórisstaða, Grímsneshreppi. Kemur fram í afsalinu að kaupendur samþykki aðild sína að félagi sumarbústaðaeigenda í Þórisstaðalandi. Að lokum er að finna í gögnum málsins afrit af afsali dagsettu 24. júlí 1975 þar sem Ingvar Þorkelsson, Þórisstöðum, Grímsneshreppi selur Íþróttabandalagi Reykjavíkur fimmtán hektara landsspildu úr landi Þórisstaða í Grímsneshreppi og liggi landsspilan að landi Reykjaness sem sé eign kaupanda. Í því afsali er tekið fram að ef Íþróttabandalagið láti leggja akfæran veg um land sitt að Brúará, þá sé eiganda og ábúanda Þórisstaða frjáls afnot af veginum án endurgjalds.

Kærandi máls þessa, Marteinn Másson, fékk afsal fyrir spildunni ásamt öðrum kaupendum, þann 4. september 1999. Er þar engu getið um umferðarrétt en vísað til kaupsamnings aðila dagsettum 24. apríl 1999 þar sem getið er um umferðarrétt eftir vegi þeim sem liggur frá Þjóðvegi (Biskupstungnaraut nr. 35) að landspildunni, í gegnum hana að austanverðu og inn á land Reykjaness.

Í gögnum málsins liggja fyrir miklar bréfaskriftir milli Marteins Mássonar, félags sumarhúsaiegenda í landi Þórisstaða, lögreglustjórans í Árnessýslu og eigenda sumarbústaða við Rimamóa frá árinu 2000 til ársins 2006 þar sem deilt er um umferðarrétt Marteins um umþrættan veg. Þá liggur fyrir í gögnum málsins yfirlýsing frá Jóni Hauki Bjarnasyni dagsett 1. september 2006 þess efnis að undirritun hans á kaupsamning milli Svanhildar Eiríksdóttur, Marteins Mássonar, Magnúsar Ólasonar og Más Elíssonar, um sölu á spildu úr landi Þórisstaða, hafi verið í þeim tilgangi að heimila Svanhildi að selja umrædda spildu þar sem Svanhildur hafði ekki fengið afsal fyrir spildunni. Samþykki hans fyrir söluinni hafi ekki náð til efnisinnihalds 2. til 9. gr. kaupsamningsins en umþrættur umferðarréttur er tilgreindur í 5. gr. samningsins.

### **Málsástæður og lagarök ákærða.**

Ákærði kom fyrir dóminn við þingfestingu málsins. Kvaðst hann vera einn eigenda umrædds vegar ásamt öðrum sumarhúsaeigendum á svæðinu. Kvað hann atvikalýsingu nokkuð rétta að því leyti að hann hefði látið grafa umrædda skurði en það hafi verið gert með samþykki annarra eigenda vegarins og í þeim tilgangi að setja niður hlið á veginn.

Verjandi ákærða byggir á því að um einkaréttarlegar deilur sé að ræða varðandi umferðarrétt um Rimaveg og snúist um það hvort kærandi hafi eignast umferðarrétt eða ekki. Vísar verjandi til þess að kærandi hafi ekki eignast umferðarrétt um umþrættan veg en seljandi eignarinnar til Marteins, Svanhildur Eiríksdóttir hafi ekki haft heimild til að selja umferðarrétt sem hún ekki hafði öðlast sjálf. Því telur verjandi ákærða að þar sem kærandinn í máli þessu, Marteinn Másson eigi ekki skýran umferðarrétt geti hann ekki átt aðild að máli þessu með vísan til 4. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Verjandi ákærða byggir einnig á því að samkvæmt 1. mgr. 257. gr. hegningarlaga verði einhver að skemma eigur annars manns þannig að eignarspjöllin þurfi að bitna á ákveðnum tjónþola. Í dag verði að telja ákærða tjónþola en hann hafi verið að lagfæra veg sem hann eigi í sameign með öðrum sumarhúsaeigendum á svæðinu. Þá telur verjandi ákærða að 57. og 59. gr. vegalaga ekki eiga við í þessu tilviki þar sem umþrættur vegur sé í einkaeign. Engin refsikrafa sé af hálfu Vegagerðarinnar og því 4. mgr. 257. gr. hegningarlaga ekki uppfyllt.

Þá kveður verjandi ákærða að rangur maður sé ákærður í máli þessu. Kristján O. Kristjánsson hafi framið brotið og því gæti ákærði lengst af verið samverkamaður samanber 22. gr. hegningarlaga. Þá byggir hann á að 27. gr. hegningarlaga sé ekki fullnægt þar sem ljóst sé að um tvo verknaðaraðila sé að ræða en einungis annar þeirra ákærður. Þá telur verjandi ákærða helst geta orðið hlutdeildarmann.

Þá byggir verjandi á því að ákæran sé óskýr og ruglingsleg og uppfylli því ekki c lið 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð opinberra mála. Kveður hann að ekki sé ljóst hvert hið raunverulega brot ákærða sé, hvort það felist í ákærinni að hafa haft samband við Kristján O. Kristjánsson eða að hafa framið brotið. Að lokum telur verjandi að 31. gr. laga um meðferð opinberra mála hafi ekki verið uppfyllt við rannsókn málsins en svo virðist sem ákærvaldið hafi ekki kynnt sér gögn málsins með hliðsjón af sekt eða sýknu ákærða. Fyrir liggja í málinu gögn sem upplýsa um að kærandi eigi í deilum við eigendur sumarbústaða við Rimamóa og því sé uppi slíkur vafi um aðild kæranda að refsímáli að borið hafi að fella málið niður.

### **Málsástæður og lagasök sækjanda:**

Ákærvaldið krefst þess að frávísunarkröfu verjanda verði hafnað og málið tekið til efnismeðferðar.

Byggir ákærvaldið á að lögreglustjóri hafi metið gögn málsins svo að þau dygðu til útgáfu ákæru. Þá skipti engu máli hvort aðilar deili um umferðarrétt eða ekki en þær málsástæður beri verjanda að hafa uppi við aðalmeðferð málsins þegar tekist verði efnislega á um málið. Telur ákærvaldið að skilyrði 257. gr. almennra hegningarlaga séu uppfyllt en hægt sé að skemma eigur á ýmsan hátt, gerendur þurfi ekki að mæta í eigin persónu til skemmdarverkanna. Eingöngu sá sem hafði huglægán ásetning til að brjóta af sér sé gerandinn. Því geti Kristján O. Kristjánsson í þessu máli ekki verið samverkamaður. Þá kveður ákærvaldið það hafa verið mat lögreglustjóra að kærandi í máli þessu eigi umferðarrétt og sé því réttur aðili að kæru í máli þessu. Þá kveður hann brot á vegalögum sæta opinberri rannsókn og þurfi refsikrafa ekki að koma sérstaklega þar fram. Umþrættur vegur sé vegur í skilningi umferðar- og vegalaga.

### **Niðurstöður.**

Í þessu þætti málsins er tekist á um hvort skilyrði 1. sbr. 4. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 séu uppfyllt. Eins og rakið er í kaflanum um málavexti

er ágreiningur um það hvort Marteinn Másson, kærandi í máli þessu eigi eignar- eða umferðarrétt um umþrættan veg og hvort aðild hans að málinu uppfylli skilyrði 4. mgr. 257. gr. Í 4. mgr. 257. gr. segir að mál út af brotum, sem um getur í 1. og 3. mgr. skuli aðeins höfða, að sá krefjist sem misgert er við. Af gögnum málsins er ekki hægt að ráða að Marteinn Másson, kærandi í máli þessu, eigi skýlausan eignar- eða lögbundinn umferðarrétt á vegi þeim sem ákært er fyrir eignaspjöll á. Verður sá vafi sem uppi er í máli þessu um eignar- eða umráðarétt kæranda yfir vegi þeim sem ákært er fyrir að grafa í sundur, metinn ákærða í vil. Er því 4. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga, um að sá sem misgert var við hafi kært þann verknað sem ákært er fyrir í umrætt sinn, ekki uppfyllt.

Þá kveður sækjandi ákærða hafa brotið gegn 57. sbr. 1. mgr. 59. gr. vegalaga nr. 45/1994. Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en um einkaveg sé að ræða sem deilan snýst um. Í 9. gr. laganna segir að almennir vegir séu þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir en eru í eigu opinberra aðila og eru ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar. Einkavegir séu þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum. Þá segir í 10. gr. laganna að eigendur almennra vega og einkavega hafi veghald þeirra. Á einkavegum, sem opnir séu fyrir almennri umferð, geti viðkomandi lögreglustjóri skyldað eiganda að gera úrbætur og stöðvað vegagerð eða bannað umferð um veginn þar til bót hefur verið á ráðin ef hann telji veghaldi svo áfátt að hætta geti stafað af. Af þessu má ráða að séu skemmdir unnar á einkavegi sé það veghaldarinn sem leggi fram kæru vegna þeirra. Slík kæra liggur ekki fyrir í máli þessu en ekki liggur annað fyrir en að umþrættur vegur sé einkavegur í skilningi vega- og umferðarlaga. Verður því að líta svo á að veghaldari verði að kæra skemmdir á veginum til að ákært verði fyrir þann verknað. Því er að þessu leyti skilyrði 4. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga ekki uppfyllt.

Þá kemur til úrlausnar hvort ákæran uppfylli skilyrði c-liðar 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð opinberra mála. Í ákæru segir í a-lið: „með því að hafa í lok október 2005 fengið Kristján O. Kristjánsson, kt. 000000-0000 verktaka og gröfustjóra til að grafa í sundur með skurði „Rimamóaveg“ á landspildu milli Þórisstaða og Reykjaness í Grímsnes-og Grafningshreppi og reka niður 3 járnör ofan í skurðinn, með þeim afleiðingum að engin leið var að komast eftir veginum og sammingsbundinn umferðarréttur eiganda landspildu er stóð innar við veginn skertist.“ Ekki er getið um það í ákæru hver eigandinn sem í ákæru greinir sé né að hvaða landspildu var ekki hægt að komast að. Ekkert liggur fyrir í málinu hvort fleiri en ein landspilda sé innar við veginn eða ekki. Í b. lið ákærunnar er vísað til sama vegar og í ákærulið a. svo og vísað til sömu afleiðinga.

Með vísan til þess sem að framan er rakið um hina einstöku liði ákærunnar þykir hún í heild ónákvæm og óskýr. Uppfyllir ákæran þannig ekki áskilnað c. liðar 1. mgr. 116. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, um glögga skilgreiningu á sakarefni.

Telja verður slíka anmarka svo á ákæru í máli þessu, sem ekki verður úr bætt undir rekstri málsins, að dómur verði ekki kveðinn upp um efni þess. Ber því að vísa málinu frá dómi.

Þá eru skilyrði 4. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 ekki uppfyllt og ber einnig að vísa málinu frá dómi af þeim sökum.

Allur sakarkostnaður í máli þessu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Unnars Steins Bjarndals Björnssonar, héraðsdómslögmanns, 110.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari, kveður upp úrskurð þennan.

## Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Allur sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Unnars Steins Bjarndals Björnssonar, héraðsdómslögmanns, 110.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ástríður Grímsdóttir